



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### ***Tillaga um bílastæði við Laugaveg 47***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að eitt bifreiðastæði við Laugaveg 47, næst Frakkastíg, verði fjarlægt.

Greinargerð:

Með þessari tillögu er lagt til að bílastæði við Laugaveg 47, næst Frakkastíg, verði fjarlægt. Með þeirri aðgerð er hægt að gera útisvæði, en svæðið er mjög sólríkt í samanburði við aðra hluta Laugavegar.

Bifreiðastæðið er í dag merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða og er stæðið fyrir aftan einnig merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Stæðum fyrir hreyfihamlaða verður þó ekki fækkað á svæðinu heldur mun næsta almenna stæði verða sérmerkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
Staðgengill samgöngustjóra

Hjálagt: Yfirlitsmynd með fyrirhuguðum breytingum



Yfirlitsmynd með fyrirhuguðum breytingum. Stæðið næst Frakkastíg er í dag merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Stæðum fyrir hreyfihamlaða verður þó ekki fækkað heldur mun næsta almenna stæði verða merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða og verða þau því áfram tvö talsins á þessu svæði.